

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 6/2015

Kæra Reynis bakara ehf. á ákvörðun Neytendastofu .

1. Þann 11. ágúst 2015 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 6/2015: Kæra Reynis bakara ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 18. febrúar 2015. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 18. mars 2015, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu frá 18. febrúar sama ár, um að kærandi hafi brotið gegn 5. gr., 8. gr., f lið 1. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með notkun orðsins „konditori“ í auglýsingum og öðrum auðkennum fyrirtækisins. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 var kæranda bönnuð notkun orðsins þar til fyrirtækið hefði fengið fullnægjandi leyfi frá þar til bærum yfirvöldum. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi Konditorsambands Íslands, dags. 1. október 2014, barst Neytendastofu kvörtun yfir notkun kæranda á orðinu „konditori“ í atvinnurekstri félagsins. Í bréfinu segir að Konditorsamband Íslands telji notkun kæranda á orðinu brjóta gegn lögum nr. 57/2005. Þá er gerð sú krafa að Neytendastofa álykti að kærandi hafi með notkuninni brotið gegn 5., 8., 9., 13., 14. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 og að félaginu verði bönnuð notkun orðsins „konditori“ í atvinnurekstri sínum. Þá er gerð krafa um að Neytendastofa beiti félagið stjórnvaldssektum verði ekki farið að banninu innan sjö daga frá ákvörðun stofnunarinnar.
5. Í bréfinu kemur næst fram að Konditorsamband Íslands sé félag sem stofnað hafi verið í mars 2012 með það að markmiði að safna í ein samtök öllum konditorum og fyrirtækjum sem standi að rekstri konditori og auka menntun, verkkunnáttu, virðingu og vöruvöndun í greininni. Jafnframt að undirstrika og berjast fyrir sérstöðu hennar sem sjálfstæðrar iðngreinar. Konditorsamband Íslands hafi orðið þess áskynja að kærandi hafi um nokkurt skeið notað orðið „konditori“ í atvinnurekstri sínum, t.d. í vörumerkjum, auglýsingum og á facebook síðu félagsins, sem sé óheimilt. Með bréfi til kæranda hafi verið vakin athygli félagsins á því lagalega umhverfi sem hér ríki hvað þetta varði. Skorað hafi verið á kæranda að framvísa leyfi sem hann byggi á heimild sína til að nota orðið „konditori“ í starfsemi sinni. Engin viðbrögð hafi borist við bréfinu.

6. Konditorsamband Íslands hafi aflað gagna frá sýslumanni um útgefin iðnréttindi þess aðila sem reki kæranda. Samkvæmt þeim gögnum hafi eigandinn sveins- og meistarabréf í bakaraiðn en engri annarri iðngrein, þar með talið ekki í kökugerð. Samkvæmt reglugerð nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar, sem sett sé á grundvelli iðnaðarlaga nr. 42/1978, sé konditori (kökugerð) löggilt iðngrein hér á landi og hafi raunar verið síðan árið 1927 er fyrstu iðnaðarlögin voru sett. Iðnaðarlögum sé ætlað að tryggja að aðeins þeir sem hafi hlotið tiltekna menntun, þekkingu og reynslu, geti starfað við iðngreinar hérlandis og kennt sig við þær. Með lögum sé verið að viðhalda ákveðnum gæðakröfum og hvetja til þess að menn sjái sér hag í því að læra viðkomandi iðngreinar og öðlast reynslu á því sviði.
7. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. iðnaðarlaga sé óheimilt að reka iðnað í atvinnuskyni nema hafa til þess tilskilið leyfi. Samkvæmt 8. gr. iðnaðarlaga skuli iðngreinar sem reknar séu sem handiðnaður og löggiltar hafi verið í reglugerð ávallt reknar undir forstöðu meistara, sbr. 10. gr. laganna, en samkvæmt sama ákvæði veiti meistarabréf meistaraleyfi til að reka þá iðngrein er meistarabréfið taki til, en ekki aðrar iðngreinar. Samkvæmt 9. gr. laganna hafi þeir einir rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein er hafi sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni. Segi svo í 5. tölulið 1. mgr. 15. gr. laganna að það varði sektum ef maður kenni sig í starfsheiti sínu við löggilda iðngrein án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 9. gr. laganna. Jafnframt segi í 16. gr. að heimilt sé að dæma mann, er sekur gerist um ítrekað brot gegn lögum, til missis iðnaðarleyfis, meistarabréfs og sveinsbréfs tímabundið eða jafnvel ævilangt ef um mjög gróft brot sé að ræða. Benda megi á tvo nokkurra ára gamla dóma í þessu sambandi þar sem aðilar hafi í báðum málum verið dæmdir til sektargreiðslna þar sem þeir hafi selt ljósmyndapjónustu án þess að hafa meistararéttindi í faginu.
8. Ljóst sé með vísan til framangreinds að notkun kæranda á orðinu „konditori“ brjóti gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 en samkvæmt ákvæðinu sé óheimilt að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hafi ekki rétt til er noti, eða reka atvinnu undir nafni sem gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Kærandi sé augljóslega að brjóta gegn þessu ákvæði enda sé félagið bæði að nota „verslunarmerki eða því um líkt“ sem því sé óheimilt og reka atvinnu undir nafni sem gefi villandi upplýsingar. Þá hafi félagið einnig brotið gegn öðrum ákvæðum laganna, svo sem 5., 8., 9., 13. og 14. gr.
9. Í 5. gr. sé mælt fyrir um að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Í 8. gr. laganna komi fram að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Þá segi í 9. gr. að viðskiptahættir séu villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur eða séu með þeim hætti að neytendum séu veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti, sbr. einnig 13. gr. laganna. Ljóst sé að kærandi og ábyrgðarmaður starfseminnar villi um fyrir neytendum þegar gefið sé til kynna að félagið eða ábyrgðarmaður þess hafi iðnréttindi í kökugerð (konditori) en hafi þau ekki. Með sömu rökum brjóti kærandi gegn keppinautum með villandi framsetningu og því að láta í það skína að félagið sé með réttindi sem það hafi ekki. Þannig sé brotið gegn 14. gr. laganna með því að veita rangar, ófullnægjandi og villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti og beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem

sama marki séu brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vöru og þjónustu sem haft sé á boðstólum í atvinnustarfsemi viðkomandi.

10. Erindi Konditorsambands Íslands var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. október 2014. Svar barst með bréfi, dags. 27. október 2014, þar sem segir að félagið telji notkun þess á orðinu „konditori“ ekki brjóta í bága við lög. Félagið hafi verið stofnað árið 1994 og hafi því verið starfrækt í 20 ár. Orðið „konditori“ sé notað í vörumerki sem merki verslanir kæranda. Með því sé gefið til kynna að í bakaríinu séu bæði seld brauð og kökur/sætabrauð og sé því beint bæði til innlendra og erlendra viðskiptavina. Orðið „konditori“ hafi enga skilgreinda merkingu í íslensku máli en í dansk-íslenskri orðabók sé „konditori“ þýtt sem sætabrauðsbúð eða kökubúð. Notkun orðsins „konditori“ í tengslum við heiti bakaría hafi tíðkast hér á landi um áratugaskeið án athugasemda.
11. Hér á landi sé kökugerð ekki kennd sem sjálfstæð iðngrein heldur sé kökugerð hluti af námskrá til sveinsprófs í bakaraiðn og kennd í Hótel- og matvælaslólanum í Kópavogi. Hótel- og matvælaslólinn hafi fullkomna aðstöðu til að kenna bæði brauð- og kökugerð og hafi allt frá stofnun hans lagt mikla áherslu á að nemar ljúki sveinsprófi með grundvallarþekkingu í báðum greinum. Í sveinsprófi séu nemar í bakaraiðn prófaðir bæði í brauð- og kökugerð. Því sé augljóst að þeir sem hafi lokið sveinsprófi eða hafi meistararéttindi í bakaraiðn hafi ótvíræð réttindi til að framleiða og selja bæði brauð og kökur. Í 9. gr. iðnaðarlaga segi að rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafi þeir einir er hafi sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni. Kærandi hafi bæði lokið sveinsprófi og hafi meistararéttindi í bakaraiðn. Því sé hvergi haldið fram að forsvarsmaður félagsins hafi sérstakt próf í kökugerð. Hjá fyrirtækinu starfi bakarar með sveinspróf frá Hótel- og matvælaslólanum og með áratuga reynslu í faginu. Þar að auki hafi fjöldi nemenda í bakaraiðn hlotið sína starfsmenntun hjá fyrirtækinu.
12. Hægt sé að taka sveinspróf í kökugerð sem sjálfstæðri iðngrein erlendis og kökugerð sem slík sé löggilt iðngrein hér á landi. Íslendingar hafi sótt nám í kökugerð erlendis og þá flestir í Danmörku. Þannig hafi Íslendingar getað lokið sjálfstæðu sveinsprófi í kökugerð eða sérhæft sig í kökugerð að loknu námi í bakaraiðn. Einnig sé nokkuð um að íslenskir nemendur taki kökugerð sem sérhæft viðbótarnám við sveinspróf í matreiðslu, en nán tengsl séu milli kökugerðar og eftirréttagerðar, sem sé hluti af matreiðslunámi. Með tilliti til ofangreinds sé því alfarið hafnað að notkun kæranda á orðinu „konditori“ brjóti í bága við ákvæði laga nr. 57/2005.
13. Bréf kæranda var sent Konditorsambandi Íslands til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. október 2014. Svar barst með bréfi, dags. 7. nóvember 2014, þar sem segir að ljóst sé að orðið „konditori“ sé alþjóðlegt orð fyrir iðngreinina kökugerð. Það sé t.d. notað á Norðurlöndunum. Kökugerð (konditori) sé lögvernduð iðngrein hér á landi og sé þeim sem ekki hafi réttindi í greininni því óheimilt að nota hið alþjóðlega orð yfir hana í starfsemi sinni. Þá villi notkunin fyrir neytendum og brjóti gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, líkt og fram hafi komið í fyrra bréfi. Með notkuninni á orðinu skreyti kærandi starfsemi sína með fjöðrum sem félagið eigi ekki rétt til, enda

gefi hún til kynna að ábyrgðarmaður starfseminnar hafi iðnréttindi í kökugerð, sem óumdeilt sé að hann hafi ekki.

14. Konditorsamband Íslands hafni því sem röngu og ósönnuðu að það hafi tíðkast hér á landi um áratugaskeið að bakarí skreyti sig með orðinu „konditori“. Kærandi leggi engin gögn fram um þá staðhæfingu sína og sé hún því ósönnuð. En jafnvel þótt sú staðhæfing teldist rétt myndi sú óheimila notkun á orðinu hérlandis hingað til engan rétt skapa eftirleiðis. Notkunin á orðinu sé jafnólögmæt fyrir því, nema menn hafi tilskilin réttindi. Hafa verði í huga í þessu sambandi að Konditorsamband Íslands, sem standi vörð um hagsmuni þeirra sem hafi iðnréttindi í kökugerð, sé tiltölulega nýlega stofnað og því hafi engum aðila verið fyrir á tíð fyrir að fara til að gæta hagsmuna þessarar iðngreinar. Ólögmæt og óheimil athugasemdalaus notkun hingað til, þvert á gildandi lagafyrirmæli, geti því engan rétt skapað. Þá hafni Konditorsamband Íslands með öllu sem röngu staðhæfingu kæranda um að kökugerð sé kennd hér á landi sem hluti af bakaraiðn. Það sé einfaldlega rangt.
15. Mikilvægt sé að hafa í huga að þótt kökugerð sé ekki kennd hér á landi sé hún engu að síður sjálfstæð iðngrein og lögvernduð sem slík, líkt og áður greini. Unnt sé að nema kökugerð erlendis, t.d. í Danmörku. Tekið skuli fram að hægt sé að taka verklegan námssamning í kökugerð hér á landi en sveinsprófið og skólann verði að taka erlendis. Í öllum löndunum í kringum Ísland séu bakaraiðn og kökugerð aðskildar iðngreinar, líkt og hér á landi. Sökum fámennis hafi hún hins vegar ekki verið kennd hér á landi og hafi það tíðkast í áratug að menn nemi hana erlendis. Áréttað skuli sérstaklega að iðnréttindin bakaraiðn veiti ekki rétt til að nota orðið „konditori“ í starfsemi bakarís. Bakaraiðn veiti mönnum sem þau iðnréttindi hafi rétt til að nota heitið bakari í starfsemi sinni en ekki orðið „konditori“.
16. Bréf Konditorsambands Íslands var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. nóvember 2014. Svar barst með bréfi, dags. 3. desember 2014. Í bréfinu er til þess vísað að í bréfi Konditorsambands Íslands hafi því verið haldið fram að sú staðhæfing, að notkun orðsins „konditori“ í tengslum við heiti bakaría hafi tíðkast hér á landi um áratugaskeið án athugasemda, sé röng. Við því vilji kærandi aðeins segja að hann þekki fleiri en eitt dæmi um slíka notkun án þess að tilefni sé til að nafngreina þau fyrirtæki sérstaklega. Félagið standi við sína fyrri fullyrðingu. Óskiljanlegt sé að Konditorsamband Íslands hafni því að kökugerð sé hluti af námi í bakaraiðn hér á landi. Nægi í því sambandi að benda á að í námsferilsbók í aðalnámskrá framhaldsskóla í Matvæla- og veitingagreinum frá árinu 2004 sé undir bakaraiðn lýsing á þeim þáttum sem neminn eigi að öðlast færni í í starfsnámi sínu og þar sé fjallað sérstaklega um hæfni í köku-, sætabrauðs- og tertubakstri. Í öllum þessum gögnum komi skýrt fram að nemandi í bakaraiðn eigi í námi sínu að öðlast færni í kökugerð, tertugerð og gerð annars sætmetis.
17. Konditorsamband Íslands haldi því fram að í öllum löndunum í kringum okkur séu bakaraiðn og kökugerð aðskildar greinar, líkt og á Íslandi. Ekki sé ljóst hvort átt sé við að greinarnar séu alls staðar löggiltar hvor í sínu lagi eða að greinarnar séu kenndar hvor í sínu lagi til sveinsprófs. Því sé til að svara að kökugerð sé óvíða löggilt sem sérstök iðngrein, en eftir því sem best sé vitað sé kökugerð löggilt í Portúgal, Liechtenstein, Ungverjalandi og Þýskalandi auk Íslands. Hins vegar

sé víða hægt að taka sveinspróf í kökugerð sem sjálfstæðri iðngrein en námið sé yfirleitt að hluta til sameiginlegt með námi í brauðgerð. Hér á landi hafi hins vegar, vegna mannfæðar, ekki reynst unnt að bjóða upp á kennslu í kökugerð sem sjálfstæðri iðngrein, heldur sé kökugerð hluti af námskrá í bakaraiðn og kennd í Hótel- og matvælasjólanum í Kópavogi sem hluti af námi til sveinsprófs í bakaraiðn eins og áður hafi komið fram.

18. Með bréfi Neytendastofu, dags. 13. janúar 2015, var Konditorsambandi Íslands sent bréf kæranda til upplýsingar og aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

19. Hinn 18. febrúar 2015 tók Neytendastofu hina kærðu ákvörðun. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr., f. liðar 1. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með notkun orðsins „konditori“ í auglýsingum og öðrum auðkennum fyrirtækisins. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 var kæranda bönnuð notkun orðsins þar til félagið hefði fengið fullnægjandi leyfi frá þar til bærum yfirvöldum.
20. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar er rakið að í lögum nr. 57/2005 sé fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. sé lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fari fram eða þjónusta veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta sé nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segi: „Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“ Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu sé litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.
21. Í 9. gr. laga nr. 57/2005 sé um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu, þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum séu veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. liðum málsgreinarinnar séu tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt sé við. Í f. lið greinarinnar segi að ekki megi veita rangar upplýsingar um réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi. Þá sé ákvæði 1. mgr. 13. gr. svohljóðandi: „Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“ Í 2. mgr. 13. gr. komi síðan fram að 1. mgr. gildi um aðra viðskiptahætti en þá sem III. kafla taki til. Ákvæðið taki því aðeins til annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslegra.

22. Í V. kafla laganna sé síðan fjallað um háttsemi milli fyrirtækja en af 14. gr. laganna verði ráðið að upplýsingar sem fram komi í auglýsingum megi því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar um stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum. Þá segi eftirfarandi í 15. gr. a. laga nr. 57/2005: „Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“
23. Í ákvæðinu felist almenn vernd auðkenna sem komi til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður 15. gr. a. hafi að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar eigi. Rétturinn til þessara auðkenna geti hvílt á sérlöggjöf, svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sjáist glögg að ákvæðið skipti máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar komi einnig fram að í 2. málslið greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði taki því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður eigi við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eigi rétt til auðkenna sinna og þurfi þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.
24. Í erindi Konditorsambands Íslands sé byggt á því að kærandi hafi ekki rétt til að nota orðið „konditori“ og því sé um að ræða brot gegn ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Eins og glögglega komi fram í lögskýringargögnum með ákvæðinu feli það eingöngu í sér vernd auðkenna. Þannig hafi neytendayfirvöld beitt ákvæðinu þegar til álita komi hvort fyrirtæki hafi með notkun auðkenna brotið gegn keppinautum og auðkenni sem keppinautur eigi þannig að villast megi á aðilunum. Ákvæðið feli ekki í sér bann við notkun lögverndaðra starfsheita samkvæmt iðnaðarlögum. Því komi ekki til álita hvort kærandi hafi brotið gegn ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005.
25. Í ákvörðuninni er síðan rakið að kökugerð sé löggilt iðngrein samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar, sem sett hafi verið með heimild í 1. mgr. 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978. Samkvæmt 9. gr. iðnaðarlaga hafi þeir einir rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein er hafi sveinsbréf eða meistarábréf í iðngreininni. Við meðferð málsins hafi af hálfu kæranda verið bent á að einhverjar námsgreinar kökugerðar séu hluti af námskrá bakaraiðnar, a.m.k. hjá Hótel- og matvæskólanum í Kópavogi. Ábyrgðarmaður starfsemi kæranda hafi þó ekki hlotið leyfi til að auðkenna sig eða rekstur kæranda með hinu löggilta starfsheiti kökugerð hjá þar til bæru yfirvaldi. Af hálfu kæranda hafi jafnframt verið gerð athugasemd við að orðið „konditor“ hafi enga skilgreinda merkingu í íslensku máli heldur gefi orðið neytendum til kynna að í bakaríinu séu seld bæði brauð og kökur eða sætabrauð.
26. Neytendastofa fallist ekki á þessar athugasemdir. Samkvæmt íslenskri orðabók Menningarsjóðs sé konditor samheiti yfir kökugerðarmann. Þá sé konditor vel þekkt erlent heiti yfir kökugerð sem

iðngrein. Að ofangreindu virtu telji Neytendastofa að notkun á heitinu „konditori“ í markaðssetningu gefi með augljósum hætti til kynna að viðkomandi hafi tilskilin réttindi til notkunar þess. Með notkun orðsins „konditori“ í auðkenni og auglýsingum fyrirtækisins hafi kærandi, með vísan til framangreinds, veitt neytendum villandi upplýsingar um réttindi og hæfni félagsins, sbr. f lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Í þessu felist jafnframt að brotið hafi verið gegn góðum viðskiptaháttum gagnvart neytendum, sbr. 8. gr. sömu laga. Þá telji Neytendastofa háttsemina villandi gagnvart keppinautum og til þess fallna að hafa áhrif á eftirspurn og því um að ræða brot gegn 14. gr. laga nr. 57/2005. Loks sé um að ræða brot gegn 5. gr. laganna.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

27. Í kæru, dags. 18. mars 2015, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði ógilt. Kærandi telji sig ekki hafa veitt villandi upplýsingar um réttindi og hæfi sitt. Kærandi hafi tilskilin réttindi til að baka bæði brauð og kökur, enda hafi hann löggildingu í bakaraiðn. Innifalið í þeirri þrekraun sem þurfi að undirgangast svo unnt sé að fá sveinspróf í bakaraiðn sé kökugerð. Vísi kærandi máli sínu til stuðnings til lýsingar á sveinsprófi í bakaraiðn. Enn fremur þurfi nemendur í bakaraiðn í framhaldsskóla í matvæla- og veitingagreinum að læra kökugerð svo unnt sé að standast það nám, sbr. lýsingu á sérnámi í bakaraiðn úr aðalnámskrá framhaldsskóla í matvæla- og veitingagreinum. Þá vísi kærandi einnig til námsferilsbókar í bakaraiðn, en þar sé tilgreint að namar í bakaraiðn þurfi í vinnustaðanámi að hafa „tileinkað sér almenna og sértæka þekkingu, leikni og hæfni við bakstur á mismunandi kökutegundum, ásamt því að búa til krem og önnur bragð- og fylliefni“. Séu því bæði nemendur í bakaraiðn sem og þeir sem öðlist sveinspróf í bakaraiðn prófaðir sérstaklega í kökugerð. Þeir sem útskrifist úr greininni hafi því full réttindi til að baka bæði brauð og kökur, enda framleiði langflest fyrirtæki í bakaraiðn á Íslandi hvoru tveggja.
28. Auk framangreinds vísi kærandi til þess að áður fyrr hafi námi í bakaraiðn lokið með sveinsprófi í brauð- og kökugerð, en hafi síðar verið breytt í sveinspróf í bakaraiðn. Bendi því sögulegar forsendur námsins til þess að innifalið í þeirri iðngrein sé bæði brauð- og kökugerð. Sé því ljóst að kökugerð sé fólgin í þeim réttindum sem kærandi hafi aflað sér með sveins- og meistaráprófi í bakaraiðn. Ennfremur hafi kærandi, með hliðsjón af áralangri reynslu sinni í kökugerð, fulla hæfni til að stunda kökugerð. Það að kærandi ákveði að auglýsa sig sem fyrirtæki sem baki og selji kökur sé því hvorki villandi né til þess fallið að hafa áhrif á eftirspurn neytenda umfram það sem heimilt sé.
29. Kærandi vísi til þess að kökugerð sé kennd hér á landi sem hluti af bakaraiðn og séu fullyrðingar Konditorisambands Íslands um annað rangar. Bendi kærandi í þessu samhengi til lýsingar á sérnámi í bakaraiðn úr aðalnámskrá framhaldsskóla í matvæla- og veitingagreinum. Kennslufyrirkomulag á náminu erlendis sé málinu óviðkomandi. Ekki skipti máli að brauðgerð og kökugerð séu tvær aðskildar greinar erlendis. Hérlandis sé bakaraiðn, sem feli bæði í sér brauð- og kökugerð, kennd sem eitt fag og veiti sveinum og meisturum í greininni full réttindi til að framleiða hvoru tveggja. Þess beri þó að geta að unnt sé erlendis að sækja nám sérstaklega í kökugerð og geti þeir sem það sækja fengið löggildingu sem slíkir hérlandis. Hafi þeir þá eftir atvikum ekki heimild til að kenna sig við bakara, enda skorti þá tilskilin réttindi. Sú takmörkun

sem felist í löggildingu á kökugerð valdi því hins vegar ekki að þeir sem nemi bakaraiðn og hafi hlotið réttindi sem slíkir geti ekki auglýst sig sem kökugerð.

30. Með bréfi, dags. 23. mars 2015, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 8. apríl sama ár, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerðinni er bent á að kökugerð sé sérstök löggilt iðngrein samkvæmt reglugerð nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar. Ábyrgðarmaður starfsemi kæranda hafi ekki hlotið leyfi til að auðkenna sig eða rekstur kæranda með hinu löggilta starfsheiti hjá þar til bæru yfirvaldi. Samkvæmt f lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 5//2005 teljist það villandi viðskiptahættir ef neytendum eru veittar rangar eða villandi upplýsingar um réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans. Hin kærða ákvörðun feli ekki í sér að Neytendastofa telji það brjóta gegn framangreindu ákvæði að neytendum sé gerð grein fyrir því að kærandi baki og selji kökur. Þó lögð hafi verið fram gögn sem sýni fram á að kökugerð sé hluti af kennslu í bakaraiðn hafi ekki verið sýnt fram á réttmæti þess að notast sé við starfsheitið í starfsemi kæranda. Neytendastofa bendi ennfremur á að eins og sjá megi af hinni kærðu ákvörðun hafi kennslufyrirkomulag erlendis ekki haft áhrif á niðurstöðu málsins. Að öðru leyti sé vísað til hinnar kærðu ákvörðunar.
31. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 28. apríl 2015, var kæranda send greinargerð Neytendastofu og óskað eftir afstöðu hans til hennar. Svar barst með bréfi kæranda, dags. 22. maí 2015. Þar kemur fram að skilgreining á orðinu „konditori“ sé „bakarí með litlu kaffihúsi“ samkvæmt dansk-íslenskri orðabók. Sé sú skilgreining lýsandi fyrir þá starfsemi sem rekin sé hjá kæranda. Ennfremur sé svipaða skilgreiningu að finna í þýsk-íslenskri orðabók, þar sem hugtakið sé skilgreint sem „kökubúð, sætabrauðsbúð, kaffihús“. Ekki sé að finna samheiti á íslensku fyrir umrætt hugtak. Skilgreiningin sem Neytendastofa vísi til í hinni kærðu ákvörðun taki til hugtaksins „konditor“. Það hugtak hafi kærandi ekki notað í starfsemi sinni. Kærandi hafi ekki í markaðssetningu sinni vísað til starfsheitisins kökugerðarmaður en hafi þó notað sambærilegt hugtak sem lýsi starfsemi kæranda vel. Kærandi sé fyrirtæki sem sérhæfi sig í framleiðslu á brauði, nýju sætabrauði og kökum. Einnig reki kærandi lítið kaffihús þar sem viðskiptavinir hafi m.a. kost á að setjast niður, drekka kaffi og lesa blöð. Markaðssetning kæranda með hugtakinu „konditori“ vísi til þess.
32. Þá hafi kærandi ekki veitt rangar upplýsingar um réttindi sín eða hæfni með því að auglýsa starfsemina með orðinu „konditori“. Starfsmenn kæranda hafi ekki auðkennt sig í starfsheitum sínum sem kökugerðarmenn. Telji áfrýjunarnefndin að með hugtakinu „konditori“ sé kærandi að vísa til þess að þar séu bakaðar kökur, þ.e. að um kökugerð sé að ræða, sé fulljóst að svo sé, enda hafi starfsmenn kæranda fulla heimild til að baka kökur og selja á grundvelli þeirra iðnréttinda sem þeir hafi með höndum. Vísa megi til afstöðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í þessu sambandi, þar sem fram komi að bakaraiðn feli í sér réttindi til að baka kökur.
33. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 25. maí 2015, var óskað afstöðu Konditorsambands Íslands til kærunnar. Svar barst með bréfi, dags. 9. júní 2015, þar sem sambandið vísar til rökstuðnings hinnar kærðu ákvörðunar, þeirra sjónarmiða sem fram komu í kvörtun þess til

Neytendastofu og greinargerðar stofnunarinnar til áfrýjunarnefndarinnar. Sambandið hafni því að menn hafi áður fyrr lokið námi í bakaraiðn með sveinsprófi í brauð- og kökugerð en síðan hafi náminu verið breytt í sveinspróf í bakaraiðn. Kökugerð hafi verið löggilt iðngrein á Íslandi frá árinu 1927. Um bakaraiðn hafi á hinn bóginn á árum áður verið notað hugtakið „bakaraiðn“ og „brauðgerðariðn“. Þessu til stuðnings sé vísað til meðfylgjandi meistarabréfs frá árinu 1935 þar sem iðngreinin sé nefnd „brauðgerðariðn“. Bakaraiðn eða brauðgerðariðn annars vegar og kökugerð hins vegar hafi alltaf verið aðskildar iðngreinar. Fagið kökugerð eða „kondítóri“ sé ekki hluti af bakaraiðn þótt bakarar læri meðal annars að baka kökur. Þá sé því hafnað að kökugerð sé ekki „kondítóri“. Vísi sambandið í þeim efnum til bréfs þess til Neytendastofu, dags. 7. nóvember 2014. Hin íslenska þýðing á orðinu „kondítóri“ sé „kökugerð“ og rangt sé að kærandi hafi ekki vísað til starfsheitisins „kökugerðarmaður“, enda beri auglýsingar hans yfirskriftina „Reynir bakari – kökugerð“.

34. Kæranda sé óheimilt að nota orðin „konditor“, „kondítóri“, „kökugerð“, eða „kökugerðarmaður“ í starfsemi sinni, enda sé „kökugerð“ eða „kondítóri“ lögvernduð iðngrein sem kærandi hafi ekki réttindi til. Þetta komi ágætlega fram í svari atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 15. maí 2015, við bréfi Samtaka iðnaðarins, dags. 30. apríl 2015. Þar segi skýrlega að aðilar sem hafi löggildingu í bakaraiðn hafi ekki heimild til að auðkenna sig sem kökugerðarmenn, þar sem rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við kökugerð hafi þeir einir er hafi sveinsbréf eða meistarabréf í kökugerð.
35. Með bréfi, dags. 18. júní 2015, bauð áfrýjunarnefndin kæranda að bregðast við svari Konditorsambands Íslands. Kærandi gerði slíkar athugasemdir með bréfi, dags. 2. júlí 2015. Þar kemur fram að hin ýmsu fyrirtæki hafi í árána rás auglýst sig sem „kondítóri“, þ.e. bakarí með lítið kaffihús eða með kökugerð. Í því felist að þau baki kökur. Ekki sé verið að blekkja neytendur með slíkri markaðssetningu, enda sé ekki verið að vísa í hið löggilta starfsheiti sem Konditorsambandið vísi til. Einfaldlega sé verið að vísa til þeirrar starfsemi sem fram fari í þeim fyrirtækjum. Nefna megí nokkur dæmi í þessu sambandi, en fáir hafi hlotið meistararéttindi hérlendis í kökugerð og yrði beitt eins þröngri túlkun og Konditorsambandið geri hefðu í raun aðeins sárafá fyrirtæki á Íslandi heimild til að auglýsa sig sem kökugerð. Sé það ótæk túlkun í ljósi þeirrar áratugalöngu notkunar á hugtakinu sem kærandi hafi lýst.

NIÐURSTAÐA

36. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á ákvörðun Neytendastofu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að hann hefði brotið gegn 5. gr., 8. gr., f lið 1. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með notkun orðsins „kondítóri“ í auglýsingum og auðkennum fyrirtækisins og honum bönnuð notkun orðsins þar til fullnægjandi leyfi lægi fyrir.
37. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 skulu iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar hafa verið í reglugerð, ávallt reknar undir forstöðu meistara. Í 3. mgr. sömu lagagreinar segir meðal annars að rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafi meistarar,

sveinar og nemendur í iðngrein. Þá er kveðið á um það í 9. gr. laganna að rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafi þeir einir er hafi sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni. Í reglugerð nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar er löggiltum iðngreinum skipað í tiltekna iðngreinaflokk, en samkvæmt 1. gr. reglnanna eru bakaraiðn og kökugerð tvær aðskildar iðngreinar.

38. Iðngreinin bakaraiðn er kennd hér á landi. Hefur kærandi lagt fram gögn þar sem fram kemur að hluti af því námi, sem og sveinsprófi í iðninni, felst í því að baka kökur. Þá er alkunna að kökur hafa víða verið seldar athugasemdalaust í verslunum bakara. Á hinn bóginn mun kökugerð, sem samkvæmt framansögðu er sérstök iðngrein, ekki vera kennd hér á landi og verður af bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem liggur fyrir í gögnum málsins, ráðið að ekki sé til formleg lýsing á því hvað felist í kökugerð eða hvaða kröfur um hæfni einstaklingur þurfi að uppfylla til að fá útgefið sveinsbréf í þeirri iðngrein. Hérlandis hafa þó verið gefin út leyfisbréf til kökugerðarmeistara á grundvelli iðnaðarlaga.
39. Ljóst er að orðið „konditor“ er notað í merkingunni „kökugerðarmaður“ í ýmsum tungumálum, s.s. dönsku, norsku, sænsku og þýsku. Þá verður ráðið af dönsku sveinsbréfi íslensks kökugerðarmeistara, sem Konditorsamband Íslands hefur lagt fram, að a.m.k. í Danmörku séu slíkir kökugerðarmenn faglærðir. Af umræddu sveinsbréfi verður þó ekki dregin sú ályktun að orðið „konditori“ merki iðngreinina kökugerð. Virðist óumdeilt að þar sem orðið sé notað merki það yfirleitt verslun eða veitingastað þar sem seldar séu kökur eða annars konar sætmeti og að oft munu viðskiptavinir einnig geta fengið sér þar sæti og snætt veitingar. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála er orðið hins vegar svo nátengt titlinum „konditor“, sem líkt og að framan greinir er notað um fagstétt kökugerðarmanna, að leggja verður til grundvallar að með því sé gefið til kynna að við viðkomandi verslun starfi maður sem fullnægi skilyrðum til að bera umræddan titil og hafi þannig menntað sig sérstaklega í kökugerð, sem samkvæmt framansögðu er sérstök iðngrein.
40. Samkvæmt f lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 eru viðskiptahættir villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um meðal annars réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans. Fyrir liggur að faglærður kökugerðarmaður starfar ekki hjá kæranda. Með notkun á orðinu „konditori“ til að lýsa starfsemi sinni hefur kærandi, með því að gefa hið gagnstæða til kynna, brotið gegn umræddu lagaákvæði, sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005. Þótt háttsemin hafi að einhverju marki verið til þess fallin að hafa áhrif á samkeppni kæranda og keppinauta hans beindist hún hvorki beint né óbeint að þeim í skilningi 14. gr. laga nr. 57/2005. Braut kærandi því ekki gegn því ákvæði, sem gildir eingöngu milli keppinauta. Verður að öðru leyti staðfest ákvörðun Neytendastofu um brot kæranda og bann við notkun orðsins „konditori“ svo sem í úrskurðarorði greinir.

ÚRSKURÐARORÐ:

Reynir bakari ehf., Dalvegi 4, Kópavogi, hefur brotið gegn f lið 1. mgr. 9. gr. sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með notkun orðsins „konditori“ í auglýsingum og öðrum auðkennum fyrirtækisins.

Staðfest er ákvörðun Neytendastofu um að leggja bann við notkun orðsins þar til Reynir bakari ehf. hefur fengið fullnægjandi leyfi frá þar til bærum yfirvöldum.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir